

Úrskurður nr. 1/2006.

Kærður er úrskurður tollstjóra en í honum eru endurákvörðuð aðflutningsgjöld vegna innflutnings flatskjáa. Tollstjóri heldur því fram að skjáirnir hafi öll einkenni sjónvarps. Kærandi krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi og/eða lækkuð verulega. Tollstjóri féll frá úrskurði sínum á meðan kærufjerli stóð. Ríkistollanefnd hafnaði kröfu kæranda um greiðslu málskostnaðar.

Með bréfi, dags. 9. febrúar 2006, kærir L. f.h. A. úrskurð tollstjóra dags. 9. desember 2005. Óskaði kærandi eftir fresti til að skila inn frekari gögnum og var honum veittur umbeðinn frestur til 15. mars s.l. Í hinni kærðu endurákvörðun tollstjóra eru gjöld endurákvörðuð á flatskjái sem tollstjóri heldur fram að séu með öll einkenni sjónvarps aðeins hafi sjónvarpsmóttakari verið fjarlægður úr tækinu. Kærandi heldur því fram að um sé að ræða tölvuskjái (monitor). Krefst hann þess að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi, en til vara að endurákvörðunin verði lækkuð verulega. Þá krefst kærandi kærumsáskostnaðar að mati ríkistollanefndar.

Í gögnum kæranda kemur fram að hin kærða endurákvörðun tollstjóra tekur til sex vörusendinga en þær eru:

S HEG 25 03 3 GB IMM W021 F 521 09 DE FRA 5396
F 521 05 08 4 DE FRA 4225 F 521 02 12 4 DE FRA 4742
F 503 12 12 4 NL AMS 5670 F 503 05 12 4 NL SPL 5003

Kærandi telur að kjarni þessa máls lúti að því að fá úr því skorið hvort tollstjóri hafi fyrir því lögformlegar heimildir að tollflokka flatskjái/monitora án viðtækja (tuners) sem sjónvörp eða ekki, og ákvarða aðflutningsgjöld af flatskjám/monitorum sem um sjónvörp væri að ræða. Um sé að ræða flatskjái/monitora sambærilega við flatskjái/monitora sem notaðir eru við tölvur (tölvuskjái), sem ná ekki sjónvarpsmerkjum/sjónvarpsútsendingum. Fyrir liggja staðfesting framleiðanda tækjanna um að allir flatskjáir/monitorar sem kærandi hafi flutt til landsins séu án viðtækja (tuners). Þá geri framleiðandi tækjanna ítarlega grein fyrir skráningu og flokkun framleiðsluvöru sinnar og leiðrétti þann grundvallar misskilning sem hinn kærði úrskurður byggir á.

Kærandi telur það útilokað að tollstjóri geti staðreynt það, eftir að varan sé flutt til landsins og tollafgreidd sem flatskjáir/monitorar, að um sjónvörp hafi verið að ræða. Slíkar staðhæfingar fást ekki staðist gegn andmælum innflytjanda og með hliðsjón af gögnum málsins verði úrlausn þessa máls ekki látin ráðast af slíkum staðhæfingum enda samrýmist það ekki algildum reglum um sönnun.

Þá segir í kærinni að innflytjandi hafi leitað upplýsinga hjá tollyfirvöldum varðandi tollflokkan flatskjáa/monitora áður en hann hóf innflutning vörunnar. Fyrir liggir í málinu, Bindandi upplýsingar um tollflokkan vöru nr. 0400016, sem staðfesta og staðreyna að flatskjái/monitora ber ekki að tollflokka sem sjónvörp. Tollyfirvöld séu bundin af slíkri flokkun og geta ekki breytt hvað varðar tollflokkan og tollafgreiðslu á vörum sem búið er að flytja til landsins og tollafgreiða á grundvelli bindandi upplýsingar um tollflokkan vörunnar.

Þá liggir fyrir staðfesting frá framleiðanda vörunnar um að vörur þær sem hér um ræðir og mál þetta lýtur að séu ekki sjónvörp, þegar varan kemur til landsins og er tollflokkuð og tollafgreidd.

Síðan segir að skv. álitum umboðsmanns Alþingis sé það grundvallaratriði við tollflokkan vöru að viðkomandi vöru beri að tollflokka skv. gildandi tollflokkan, þegar varan er flutt til landsins (eftir atvikum við tollskoðun vörunnar) og ákvarða þá aðflutningsgjöld vörunnar en ekki eftir að varan hefur verið tollflokkuð og tollafgreidd og eftir atvikum eftir að varan hefur verið seld.

Kærandi gefur ekki mikið fyrir upplýsingar sem tollstjóri hefur aflað af heimasíðum máli sínu til stuðnings og telur að þær hafi ekki efnislega þýðingu við úrlausn þessa máls. Hann telur að framleiðandi vörunnar hafi gefið viðhlítandi skýringar á þeim misskilningi sem tollstjóri hengi hatt sinn á í þessu sambandi. Þá segir að kærandi hafi flutt inn frá því að þetta mál kom upp fjöldann allan af flatskjáum/monitorum sem hafa verið tollafgreiddir sem slíkir, en ekki sem sjónvörp.

Kærandi áskilur sér rétt til að koma að frekari upplýsingum, mótmælum á síðari stigum málsins, en öllum staðhæfingum tollstjóra sem ganga gegn hagsmunum kæranda er mótmælt, þ.á m. staðhæfingum þess efnis að hin umdeilda vara flatskjáir/monitorar, sem kærandi hefur flutt til landsins séu sjónvörp og beri þar af leiðandi að tollflokka sem sjónvörp.

Þá er þeirri staðhæfingu tollstjóra mótmælt sérstaklega að kærandi hafi keypt sjónvörp af framleiðanda vörunnar, fjarlæggt tunera úr sjónvörpunum áður en sjónvörpin hafi verið flutt til landsins og flatskjáunum/monitorunum síðan breytt í sjónvörp eins og skilja má af hinum kærða úrskurði.

Kærandi telur að mál þetta snúist um grundvallaratriði. Það lúti að því að fá úr því skorið hvort Monitora/flatskjái beri að tollflokka sem sjónvörp eða ekki. Þetta mál sé prófmál í þeim skilningi að það varðar gífurlega fjárhagslega hagsmuni. Það varðar hagsmuni fleiri innflytjenda en kæranda. Ef skilningur tollstjóra reynist réttur þá hafi það verulega áhrif á verðlagningu og sölu flatskjáa.

Verði ekki fallist á þau grundvallar sjónarmið sem kærandi byggir á og hér eru rakin, er þess farið á leit, að úrskurður ríkistollanefndar verði ekki látinn gilda um þær vörur (flatskjái/monitora) sem kærandi hafi þegar flutt til landsins og tollafgreiddir sem slíkir heldur verði úrskurðurinn látinn verða vegvísir að þeim innflutningi flatskjáa/monitora sem verða fluttir inn og tollafgreiddir eftir uppkvaðningu úrskurðarins.

Kærandi bendir á í þessu sambandi að hann hafi gert allt sem í hans valdi var til þess að standa rétt að innflutningi að þeim flatskjám/monitorum sem hann hefur flutt til landsins og var í góðri trú um að hann gæti treyst þeim upplýsingum og bindandi tollflokkanum sem hann aflaði hjá tollstjóra.

Vegna eðlis og umfangs þessa máls fer kærandi fram á við ríkistollanefnd að mál þetta verði munnlega flutt með heimild í 8. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, eftir að gagnaöflun vegna málsins er lýst lokið.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að ástæða endurákvörðunar sé sú að embættið geri athugasemd við það að tollflokkanum sé röng á vörum í framangreindum sex sendingum. Innflytjandi hefur tollflokkað sjónvörp í tollskrárnúmer 8528-2101: *Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð- eða myndbands-upptökubúnaði eða – flutningsbúnaði; myndskjái (video monitors) og myndvörpur (video projectors):*

- Myndskjái:--Fyrir lit:--Skjái (videomonitors) gerðir fyrir 15 Mhz bandvidd eða meira, án viðtækja (tuners) fyrir útvarpstíðni, en sem tengjanlegir eru við gagnavinnsluvelar.

Tollstjóri telur rétta tollflokkanum vörunnar vera í tollskrárnúmeri 8528.1209: *Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarpsviðtæki eða hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði eða-flutningsbúnaði; myndskjái (video monitors) og myndvörpur (video projectors):* - Móttökutæki fyrir sjónvarp, einnig með útvarps-

viðtæki eða hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði eða- flutningsbúnaði: --Fyrir lit:--

Önnur, með vísan til túlkunarreglna tollskrár númer 1, 2a og 6, sem hafi lagagildi.

Þá segir að samkvæmt vörureikningum framlögðum með aðflutningsskýrslum se um að ræða tvenns konar sjónvörp í fyrrgreindum sendingum, annars vegar *TFT LCD MONITOR, motel LC27M6S*, seljandi Harwa electroics GmbH, í sendingum F 521 09 12 4 DE FRA 5396, F 521 05 08 4 DE FRA 4225, F 521 02 12 4 DE FRA 4742, F 503 12 12 4 NL AMS 5670 og F 503 05 12 4 NL SPL 5003, og hins vegar *PD46WV1*, seljandi Chunghwa Picture Tubes (UK) Ltd, í sendingu S HEG 25 03 3 GB IMM W021. Tollstjóri segir að samkvæmt upplýsingum af heimasíðum seljanda tækisins LC- 27M6S, komi fram að tækið sé auglýst sem sjónvarp þar sem móttakarinn (tunerinn) sé innifalinn. Þá bendir tollstjóri á að á vörureikningi sem lagður var fram með aðflutningsskýrslu fyrir sendingu F 503 12 12 4 NL AMS 5670, frá Xiamen Overseas Chinese Electronics Co. Ltd nr. 0012778 til Harwa Electronics GmbH, en á honum séu tilgreind 100 stk. LCD TV LC- 27M6S. Ekki sé að finna upplýsingar á heimasíðu Chunghwa Picture Tubes um PD46WV1, en embættið hefur aflað sér upplýsinga á heimasíðum annarra seljanda vörunnar, m.a. ACE, þar komi fram í vörulýsingu á PD46WV1 að móttakarinn (turnerinn) sé innifalinn í verðinu.

Það er því mat tollstjóra að tækin í ofangreindum sendingum séu sjónvörp sem tollflokka skuli í tollskrárnúmer 8528.1209 þrátt fyrir að búið sé að taka móttakarann (tunerinn) úr þeim, sbr. túlkunarreglu 2a, um ófullgerðar vörur eða vöru sem eitthvað vantar á, við tollskrá. Ekki sé um að ræða eins eða sambærileg tæki og fengin var bindandi tollflokkanum á þann 10.febrúar 2004 og því eigi hún ekki við í þessu máli.

Þá gerir tollstjóri athugasemdir við þá framkvæmd innflytjanda að tollflokka í sendingu S HEG 25 03 3 GB IMM W021 *háatalara* í tollskrárnúmer 8518.2109, *háatalarabox* í tollskrárnúmer 8518.9000 og *sjónvörp* (PD46WV1) í tollskrárnúmer 8528.2101. Að mati tollstjóra er rétt flokkanum að flokka framangreindar vörur í tollskrárnúmer 8528.1209 með vísan til túlkunarreglna tollskrár númer 1, 2a og 6 og athugasemdir 3, 4 og 5 við flokk XVI.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að í túlkunarreglu númer 1 segi að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skuli tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skuli fylgt öðrum túlkunarreglum tollskrárinnar. Í túlkunarreglu númer 2a segi að þegar talað er um tiltekna vörur í vörulið taki það einnig til ófullgerðra vara eða vara sem eitthvað vantar á, ef þær við framvísun að öllu verulegu leyti líti út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það til þessara vara fullgerðra eða heilla (eða vara sem flokkast þannig samkvæmt þessum lið) þegar þeim er framvísað ósamsettum eða sundurteknum. Í túlkunarreglu númer 6 segi að í lagalegu tilliti skuli flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verði bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gildi einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Í athugasemd 3 við flokk XVI tollskrár segi að leiði ekki annað af orðalagi flokkist vélasamstæður, settar saman í eina heild úr tveimur eða fleiri vélum og aðrar vélar hannaðar til að framkvæma tvö eða fleiri verkatriði, saman eða sér, eins og um væri að ræða þann vélarhluta eða þá vél sem gegnir höfuðhlutverkinu. Í athugasemd 4 við flokk XVI tollskrár segi að sé vél (þar með taldar samsettar vélar) gerð úr sjálfstæðum hlutum (hvort sem þeir eru aðskildir eða tengdir með pípum, tengslum, rafmagnsköplum eða öðrum búnaði), sem ætlað er sameiginlega að framkvæma skýrt skilgreint verkatriði sem einn af vöruliðum 84. eða 85. kafla taka til, skal hún í heild flokkast undir þann vörulið sem höfðar til þess verkatriðis. Í athugasemd 5 við flokk XVI segi að sem vél í athugasemdum þessum teljast hverskonar vélar; vélbúnaður, vélakostur, áhöld, tækjabúnaður eða tæki sem getið er í vöruliðum 84. eða 85. kafla tollskrár.

Gjaldmunur á framangreindum tollskrárnúmerum felst í því að á tollskrárnúmeri 8528.2101 hvílir aðeins 24,5% virðisaukaskattur, sbr. lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og 0,15% gjald af eftirlitsskyldum rafföngum (QA), sbr. reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki. Á tollskrárnúmerum 8512.2109 og 8518.9000 hvílir aðeins 24,5% virðisaukaskattur, 7,5% tollur og 25% vörugjald (XE), sbr. lög nr. 97/1987 um vörugjald. Á tollskrárnúmeri 8528.1209 hvílir hins vegar 24,5% virðisaukaskattur, 7,5% A-tollur 25% vörugjald (XE) og 0,15% gjald af eftirlitsskyldum rafföngum (QA). Með vísan til framangreinds er því um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða.

Úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda er byggður á 1. mgr. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaga kemur fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga er tollstjóra heimilt að endurákvarða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, þegar um SMT- tollafgreiðslu er að ræða.

Vangreidd aðflutningsgjöld (kr. 3.115.732) eru fallin í eindaga og ber að greiða þau ásamt dráttarvöxtum til 9. desember (kr. 740.411), samtals kr. 3.856.143.

Kæran var send tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 17. mars 2006 Frestur til að skila inn greinargerð var til 10. apríl s.á. Tollstjóri óskaði eftir frekari fresti. Var honum veittur hann til 5. maí. Þann 5. maí fékk nefndin upplýsingar í tölvubréfi um að embættið hafi með vísan til 25. gr. stjórnáskilslulaga nr. 37/1993 ákveðið að afturkalla úrskurðinn. Það var svo staðfest 11. maí 2006, en þá barst nefndinni samrit af bréfi embættisins til kæranda þar sem þetta kemur fram.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um mál þetta og farið yfir þau gögn sem kæruaðilar hafa lagt fram.

Með bréfi tollstjóra dags. 5. maí 2006 er úrskurður tollstjóra um endurákvörðun dags. 9. desember 2005 afturkallaður eins og áður sagði. Sú skýring er gefin af hálfu tollstjóra að endurmat embættisins á þeim gögnum sem lágu fyrir vegna ofangreinds úrskurðar hafi leitt til þess að tekin hafi verið sú ákvörðun að afturkalla hinn kærða úrskurð, með vísan til 25 gr. stjórnáskilslulaga nr. 37/1993.

Þar sem þessi nýja afstaða tollstjóra liggur formlega fyrir telur ríkistollanefnd ljóst að með afturköllun tollstjóra á hinum kærða úrskurði er fallist á aðalkröfu kæranda. Af þessari ástæðu

eru engar forsendur til þess að ríkistollanefnd úrskurði efnislega um málið. Hins vegar liggur fyrir af hálfu kæranda krafa um greiðslu málskostnaðar.

Ríkistollanefnd hafnar kröfu kæranda um greiðslu málskostnaðar þar sem nefndin hefur ekki lagaheimild til að ákvarða um hann. Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er mál þetta fellt niður hjá ríkistollanefnd. Kröfu kæranda um greiðslu málskostnaðar er hafnað.